
Hansína Jensdóttir


Guðrún Tryggvadóttir

# Guðrún Tryggvadóttir og Hansína Jensdóttir

## sýna á Kjarvalsstöðum

**Guðrún Tryggvadóttir** myndlistarkona opnar málverkasýningu í vestursal Kjarvalsstaða laugard. 14. mars kl. 14.00.

Guðrún hefur numið bæði hér heima og í París og München þar sem hún vann til æðstu verðlauna skólans fyrir lokaverkefni sitt árið 1983. Guðrún hefur verið á Íslandi síðastl. 2. ár. Árið 1985 hlaut hún starfslaun ríkisins í eitt ár. „Þakkar hún fyrir sig með þessari sýningu", segir í fréttatilkynningu hennar.

Þetta er 6. einkasýning Guðrúnar og sú stærsta til þessa, verkin eru unnin á undanförnum fjórum árum.

Sýningin er opin til 29. mars, daglega kl. 14.00-22.00.

**Hansína Jensdóttir** opnar skúlptúrsýningu að Kjarvaldsstöðum laugard. 14. mars og verður sýningin opin til 29. mars. Hún er gullsmiður að mennt og starfar hjá Jens Guðjónssyni gullsmið.

Hansína stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og við Myndlistaskólann í Reykjavík. Hún var einnig í 2 ár í skúlptúrdeild SAIT, í Calgary í Kanada. Hansína hefur tekið þátt í fjölda samsýninga.



# Þjóðleikhúsið um helgina:

**Hallæristenór**, gamanleikurinn eftir Ken Ludwig, er sýndur í kvöld, föstudagskvöld kl. 20:00 á stóra sviði Þjóðleikhússins. Í aðalhlutverkum eru: Örn Árnason, Aðalsteinn Bergdal, Tinna Gunnlaugsdóttir, Erlingur Gíslason, Helga Jónsdóttir, Árni Tryggvason, Lilja Þórisdóttir og Herdís Þorvaldsdóttir. Flosi Ólafsson þýddi leikritið. Leikstjóri er Benedikt Árnason.

**Rympa á ruslahaugnum**. Sýningar á barnaleikriti Herdísar Egilsdóttur, Rympa á ruslahaugnum, verða á laugardag og sunnudag kl. 15:00. Kristbjörg Kjeld hefur á hendi leikstjórn, Messíana Tómasdóttir sá um leikmyndir og búninga og dansahöfundur er Lára Stefánsdóttir. Sigríður Þorvaldsdóttir leikur Rympu, en aðrir leikarar eru: Sigrún Edda Björnsdóttir, Gunnar Rafn Guðmundsson, Margrét Guðmundsdóttir, Viðar Eggertsson, Ásgeir Bragason, Hjördís Elín Lárusdóttir (Rympa litla) og Sólveig Arnarsdóttir, en auk þeirra hópur ungra leikara og dansara.

**Aurasálin** eftir Moliere í þýðingu og leikstjórn Sveins Einarssonar. Sýning á stóra sviðinu kl. 20:00 á laugardagskvöld. Nú fer að fækka sýningum á Aurasálinni. Bessi Bjarnason fer með aðalhlutverkið.

**Uppreisn á Ísafirði**, leikrit Ragnars Arnalds, verður sýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins á sunnudagskvöld kl. 20:00 í leikstjórn Brynju Benediktsdóttur. Nú eru fáar sýningar eftir á þessu leikriti. Alls taka um fimmtíu leikarar þátt í „uppreisninni".

# Tónleikar við opnun sýninga á Kjarvalsstöðum

Laugardaginn 14. mars halda Robert W. Becker barítónsöngvari og David Knowles píanóleikari tónleika í vestursal Kjarvalsstaða.

Tónleikarnir eru haldnir í tilefni opnunar sýningar Guðrúnar Tryggvadóttur sem hefst kl. 14.00. Tónleikarnir hefjast kl. 15.30.

Fyrst á dagskrá er „Ástir skáldsins" eftir Robert Schumann við texta Heinrich Heine. Eftir hlé syngur Robert aríur úr óperum eftir Richard Wagner. Robert er búsettur hér á landi og hefur sungið m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands og í Þjóðleikhúsinu, nú síðast sem Scarpia í Tosca. David Knowles býr einnig á Íslandi og er þekktur sem undirleikari auk þess að vera organisti í Kristskirkju.

Allir eru velkomnir á tónleikana og sýninguna. Aðgangur er ókeypis.


Robert W. Becker og David Knowles.

# Ásgerður Búadóttir

## sýnir í Listasafni ASÍ
## Síðasta sýningarhelgi

Sýningu Ásgerðar Búadóttur í Listasafni ASÍ lýkur sunnudaginn 15. mars. Á sýningunni eru 10 ofin listaverk frá liðlega tveimur síðustu árum.

Síðast hélt Ásgerður einkasýningu á Kjarvalsstöðum 1984, en hefur hin síðari ár tekið þátt í ýmsum sýningum erlendis, svo sem Scandinavia To-day, Borealis og sýningu í boði Kaupmannahafnarborgar, ásamt Svavari Guðnasyni.

Ásgerður hefur verið valin einn þeirra íslensku listamanna sem taka munu þátt í norrænni list- og menningarkynningu í Japan í lok þessa árs.

Sýningin er opin daglega kl. 14-18, nema á sunnudag kl. 14-22. Henni lýkur sunnudaginn 15. mars, sem fyrr segir.



# Guðbergur Auðunsson

## sýnir í Nýlistasafninu

Á laugardag kl. 14.00 opnar Guðbergur Auðunsson 8. einkasýningu sína í Nýlistasafninu, Vatnsstíg 3b.

Á sýningunni verða um tuttugu málverk unnin á síðastliðnum fjórum árum. Meginuppistaða sýningarinnar eru verk byggð á Íslendingasögunum.

Sýningin er opin frá kl. 14.00-20.00 um helgar en 16.00-20.00 virka daga.

Guðbergur stundaði nám við Kundsthaandværkerskolen í Kaupm.höfn 1959-1963. Helstu einkasýningar: Kjarvalsstaðir 1978, Gallerí Suðurgötu 7, 1979, Galerie Baden Baden, Baden Baden Vestur-Þýskaland, 1980.

Listasafn Íslands og Listasafn Kópavogs eiga bæði verk eftir Guðberg.

# Aida

## á föstudag og sunnudag

Tvær sýningar verða á Aidu eftir Verdi hjá Íslensku óperunni um helgina, föstudagskvöld og sunnudagskvöld og hefjast báðar kl. 20.00. Verða sýningarnar þá orðnar 21 og alltaf fyrir fullu húsi. Á föstudagskvöld tekur Páll P. Pálsson við stjórn hljómsveitarinnar af Robin Stapleton sem haldið hefur á sprotanum undanfarnar 12 sýningar. Aðalhlutverk syngja Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Anna Júlíana Sveinsdóttir, Garðar Cortes, Kristinnn Sigmundsson, Viðar Gunnarsson, Eiður Á. Gunnarsson, Katrín Sigurðardóttir og Hákon Oddgeirsson.

# Útvarp

### Föstudagur 13. mars

6.45 Veðurfregnir. Bæn.
7.00 Fréttir.
7.03 **Morgunvaktin** – Jón Baldvin Halldórsson og Jón Guðni Kristjánsson. Fréttir eru sagðar kl. 7.30 og 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Tilkynningar eru lesnar kl. 7.25, 7.55 og 8.25. Erlingur Sigurðarson talar um daglegt mál kl. 7.20.
9.00 Fréttir.
9.03 **Morgunstund barnanna: „Mamma í uppsveiflu" eftir Ármann Kr. Einarsson.** Höfundur les (10).
9.20 Morguntrimm. Tilkynningar.
9.35 Lesið úr forustugreinum dagblaðanna.
9.45 **Þingfréttir.**
10.00 Fréttir.
10.10 Veðurfregnir.
10.30 **Mér eru fornu minnin kær.** Umsjón: Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli og Steinunn S. Sigurðardóttir. (Frá Akureyri)
11.00 Fréttir.
11.03 **Samhljómur** Umsjón: Sigurður Einarsson.
12.00 Dagskrá. Tilkynningar.
12.20 Fréttir.
12.45 Veðurfregnir. Tilkynningar. Tónleikar.
14.00 **Miðdegissagan: „Áfram veginn" sagan um Stefán Íslandi** Indriði G. Þorsteinsson skráði. Sigríður Schiöth les (15).
14.30 **Nýtt undir nálinni** Elín Kristinsdóttir kynnir lög af nýjum hljómplötum.
15.00 Fréttir. Tilkynningar. Tónleikar.
15.20 **Landpósturinn** Lesið úr forustugreinum landsmálablaða.
16.00 Fréttir. Dagskrá.
16.15 Veðurfregnir.
16.20 **Barnaútvarpið.**
17.00 Fréttir.
17.03 **Síðdegistónleikar. a.** „Herbúðir Wallensteins", sinfónískt ljóð eftir Bedrich Smetana. Útvarpshljómsveitin í München leikur; Rafael Kubelik stjórnar. **b.** Óperuaríur eftir Rossini og Mozart. Wolfgang Brendel syngur með Útvarpshljómsveitinni í München. Heinz Wallberg stjórnar.
17.40 **Torgið – Viðburðir helgarinnar.** Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
Tilkynningar.
18.45 Veðurfregnir. Dagskrá kvöldsins.
19.00 Fréttir.
19.30 Tilkynningar.
**Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Erlingur Sigurðarson flytur.
19.40 **Þingmál.** Umsjón: Atli Rúnar Halldórsson
20.00 **Lög unga fólksins.** Valtýr Björn Valtýsson kynnir.
20.40 **Kvöldvaka. a. Úr Mímisbrunni** Þáttur íslenskunema við Háskóla Íslands. Gömul saga í nýjum búningi. Um skáldsöguna Dauðamenn eftir Njörð P. Njarðvík og Píslarsögu séra Jóns Magnússonar. Umsjón: Soffía Auður Birgisdóttir. Lesari Sigríður Albetsdóttir. b. **Sagnir af Jóni Vídalín** Gils Guðmundsson tekur saman og flytur. Síðari hluti. c. **Ríma af Ljóð-Ormi.** Sveinbjörn Beinteinsson kveður úr frumortum rímnaflokki.
21.30 **Sígild dægurlög.**
22.00 Fréttir. Dagskrá morgundagsins.
22.15 Veðurfregnir.
22.20 **Lestur Passíusálma.** Andrés Björnsson les 23. sálm.
22.30 **Hljómplöturabb** Þorsteins Hannessonar.
23.10 **Andvaka** Þáttur í umsjá Pálma Matthíassonar. **(Frá Akureyri).**
24.00 Fréttir.
00.10 **Næturstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
01.00 Dagskrárlok.
**Næturútvarp á RÁS 2 til kl.03.00.**

RÁS 2

9.00 **Morgunþáttur** í umsjá Kolbrúnar Halldórsdóttur og Kristjáns Sigurjónssonar. Meðal efnis: Óskalög hlustenda á landsbyggðinni og getraun.
12.00 **Hádegisútvarp** með fréttum og léttri tónlist í umsjón Gunnlaugs Sigfússonar.
13.00 **Bót í máli** Margrét Blöndal les bréf frá hlustendum og kynnir óskalög þeirra.
15.00 **Sprettur** Þorsteinn G. Gunnarsson kynnir tónlist úr ýmsum áttum og kannar hvað er á seyði um helgina.
17.00 **Fjör á föstudegi** með Bjarna Degi Jónssyni.
18.00 **Hlé.**
20.00 **Kvöldvaktin.** – Andrea Jónsdóttir.
23.00 **Á næturvakt** með Vigni Sveinssyni
03.00 Dagskrárlok
**Fréttir eru sagðar kl. 9.00, 10.00, 11.00, 12.20, 15.00, 16.00 og 17.00.**

**Svæðisútvarp virka daga vikunnar**
17.30-18.30 **Svæðisútvarp fyrir Reykjavík og nágrenni** – FM 90,1.
18.00-19.00 **Svæðisútvarp fyrir Akureyri og nágrenni** – FM 96,5.
**Föstudagsrabb** Inga Eydal rabbar við hlustendur og les kveðjur frá þeim, leikur létta tónlist og greinir frá helstu viðburðum helgarinnar.

# Sjónvarp

### Föstudagur 13. mars

18.00 **Nilli Hólmgeirsson** Sjöundi þáttur í þýskum teiknimyndaflokki.
18.25 **Stundin okkar – Endursýning** Endursýndur þáttur frá 8. mars.
19.00 **Á döfinni.** Umsjón: Anna Hinriksdóttir
19.10 **Þingsjá.** Umsjón: Ólafur Sigurðsson.
19.25 **Fréttaágrip á táknmáli.**
19.30 **Spítalalíf (M*A*S*H)** 24. þáttur í bandarískum gamanmyndaflokki.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Auglýsingar og dagskrá.**
20.40 **Söngvakeppni sjónvarpsstöðva í Evrópu íslensku lögin – Fyrsti þáttur.** Í þesssum þætti og öðrum fjórum næstu daga verða kynnt og flutt tvö lög af þeim tíu sem valin hafa verið í íslensku úrslitakeppnina í Sjónvarpinu 23. þessa mánaðar.
20.50 **Unglingarnir í frumskóginum** Frá úrslitakeppni **MORFÍS**, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskóla í Háskólabíói, föstudaginn 6. þessa mánaðar. Nemendur Fjölbrautaskólans í Garðabæ og Menntaskólans í Reykjavík deila um einræði eða lýðræði á Íslandi. Umsjón: Árni Sigurðsson. Stjórn upptöku: Gunnlaugur Jónasson.
21.30 **Mike Hammer.** Sjöundi þáttur í bandarískum sakamálamyndaflokki.
22.20 **Kastljós** – Þáttur um innlend málefni. Umsjón Gunnar E. Kvaran.
22.50 **Seinni fréttir.**
23.00 **Vitnið** (Atanu) Ungversk bíómynd, sem gerð var 1969, en sýningar á henni voru ekki leyfðar fyrr en ellefu árum síðan. Leikstjóri Peter Bacso. Aðalhlutverk: Ferenc Kállai. Myndin gerist um 1950 og er skopfærð ádeila á lögregluríki þeirra ára. Þá var hart á dalnum í Ungverjalandi, matvælaskortur og harðar skömmtunarreglur. Auk þess sér leynilögreglan svikara og njósnara í hverju horni og handbendi hennar ljóstra upp um marga slíka. Söguhetjan er stífluvörður við Dóná og á fyrir stórri fjölskyldu að sjá.

98·9 BYLGJAN

### Föstudagur 13. mars

7.00- 9.00 **Á fætur með Sigurði G. Tómassyni.** Létt tónlist með morgunkaffinu. Sigurður lítur yfir blöðin, og spjallar við hlustendur og gesti.
**Fréttir kl. 7.00, 8.00 og 9.00.**
9.00-12.00 **Páll Þorsteinsson á léttum nótum.** Föstudagspoppið allsráðandi, bein lína til hlustenda, afmæliskveðjur, kveðjur til brúðhjóna og mataruppskriftir.
**Fréttir kl. 10.00, 11.00 og 12.00.**
12.00-14.00 **Á hádegismarkaði með Jóhönnu Harðardóttur. Fréttapakkinn,** Jóhanna og fréttamenn Bylgjunnar fylgjast með því sem helst er í fréttum, segja frá og spjalla við fólk. Flóamarkaðurinn er á dagskrá eftir kl. 13.00.
**Fréttir kl. 13.00 og 14.00.**
14.00-16.00 **Pétur Steinn á réttri bylgjulengd.**
**Fréttir kl. 15.00, 16.00 og 17.00.**
17.00-19.00 **Hallgrímur Thorsteinsson í Reykjavík síðdegis.** Þægileg tónlist hjá Hallgrími, hann lítur yfir fréttirnar og spjallar við fólk sem kemur við sögu.
**Fréttir kl. 18.00.**
19.00-22.00 **Þorsteinn J. Vilhjálmsson.** Þorsteinn leikur tónlist úr ýmsum áttum og kannar hvað næturlífið hefur upp á að bjóða.
22.00-03.00 **Haraldur Gíslason,** nátthrafn Bylgjunnar kemur okkur í helgarstuð með góðri tónlist.
03.00-08.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.** Tónlist fyrir þá sem fara seint í háttinn og hina sem fara snemma á fætur.

STÖÐ 2

### Föstudagur 13. mars

17.00 **48 klst. (48 hrs).** Bandarísk kvikmynd með Nick Nolte og Eddie Murphy í aðalhlutverkum. Lögreglumaður fær smákrimma lánaðan í 48 klst. til að aðstoða við lausn sakamáls. Myndin er ekki við hæfi barna.
18.30 **Myndrokk.**
19.00 **Spæjarinn.** Teiknimynd.
19.30 **Fréttir.**
20.00 **Opin lína.** Á milli kl. 20.00 og 20.15 gefst áhorfendum Stöðvar 2 kostur á að hringja í síma 673888 og bera upp spurningar. Stjórnandi og einn gestur fjalla um ágreinings- eða hitamál líðandi stundar.
20.20 **Um víða veröld.** Fréttaskýringaþáttur í umsjón Þóris Guðmundssonar. og Helgu Guðrúnar Johnson.
20.40 **Geimálfurinn** Það er líf og fjör á heimili Tanner fjölskyldunnar eftir að geimveran Alf bættist í hópinn.
21.05 **Heimilishjálpin** (Summer Girl). Bandarísk sjónvarpsmynd með Barry Bostwick, Kim Darby og Martha Scott í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um ung hjón sem ráða til sín sakleysislega unglingsstúlku til hjálpar á heimilinu. Hún dregur heimilisföðurinn á tálar, eitrar fyrir húsmóðurinni, rænir börnunum og er viðriðin dauða nokkurra manna.
22.35 **Benny Hill.** Breskur gamanþáttur.
23.00 **Maðurinn með örið** (Scarface). Bandarísk kvikmynd með Al Pacino í aðalhlutverki. Innflytjanda langar til að verða ríkur og umsvifamikill. Í von um skjótfenginn gróða gerist hann eiturlyfjasali. Leikstjóri er Brian de Palma. Mynd þessi er stranglega bönnuð börnum.
01.50 **Myndrokk.**
03.00 Dagskrárlok

ÚTRÁS FM 88,6

### Föstudagur 13. mars

20.00 **Jóhannes, Óðinn og Aðalsteinn** sjá um léttan tónlistarþátt.
21.00 **Þungarokk** Umsj. Ingvar Hafberg og Grímur Thorarensen.
22.00 **Kokteill með Kingo**
00.00 **Næturvaktin:** Sigurður Sverrisson og Pétur Pétursson sjá hlustendum fyrir hressilegri tónlist.
04.00 **Næturhrafnar:** Jóhannes, Óðinn og Aðalsteinn spila tónlist til sex.
06.00 **Dagskrárlok.**